



Þórshöfn 02.06.2026

Minnisblað til sveitastjórnar vegna friðlýsingar á Langanesi.

Formlega hefur málið verið undirbúið af bæði Náttúruverndarstofnun og Langanesbyggð með það að markmiði að vernda bæði einstaka náttúru Langaness og þær sérstöku menningarminnjar sem víða m finna í sögu staðarins og mannvistarleyfum. Nú er staðan sú að beðið er eftir ákvörðun ráðherra um framhaldið, og afstöðu nýrrar sveitarstjórnar Langanesbyggðar.

Mest hefur verið rætt um þær takmarkanir sem friðlýsingar hafa á alla starfsemi innan svæðisins. Hvernig búfjárhaldi, lausagöngu búfjár, bjargnytjum og öðrum aldagömlum hefðum verði við komið þegar friðun á sér stað. Stjórnun á friðuðum svæðum, ákvarðanatökur og annað hefur einnig fegnið nokkurt umtal þar sem margir óttast að miðlæg stjórnun utanfrá (ekki úr héraði) rekist á við hagsmuni þá sem samfélagið hér nýtur af Langanesi. Njáll Trausti Friðbertsson, Alþingismaður, lagði fram tillögu til þingsályktunar þann 17. mars síðastliðinn um þjóðgarð á Langanesi. Þar lagði hann áherslu á mikilvægi þess að heimamenn hefðu stjórn á svæðinu og hvernig málum væri háttað. Hér má sjá tillöguna: <https://www.althingi.is/altext/157/s/0920.html>.

Alþingi hefur nú nýlega samþykkt lög um skipan svæðisstjórna og þar eru tveir fulltrúar tilnenfdir af sveitarfélögum, en í stjórn eru 6 eða fleiri. Athygli er vakin að sveitarfélögg skipa formann. Ekki er samt útilokað að einstaklingar úr samfélaginu hér verði tilnenft af þeim sem hafa tilnenfingarrétt samkvæmt þessum lögum. Sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/157/s/0983.html>. Ekki er þó útilokað með þessu að fólk úr héraði skipi meirihluta stjórnar, eins og kom fram í máli Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, Alþingismanns, við afgreiðslu á Alþingi: <https://www.althingi.is/altext/upptokur/raeda/?raeda=rad20260601T121239>. En þar benti bæði Ása Berglind og ráðherra málaflokksins, Jóhann Páll á að ekki hafi staðið sérstakur styr um stjórnskipan í meðferð málsins og engar sérstakar athugasemdir hafi verið gerðar í samráðsgátt frá sveitarstjórnarstiginu. Sjá í ræðum hér: <https://www.althingi.is/altext/upptokur/raeda/?raeda=rad20260601T121357>

Það er ekkert hægt að fullyrða um stjórnskipan eða skilmála fyrr en tillaga hefur verið formlega tekin fyrir og Náttúruverndarstofnun skipað starfshóp sem auglýsir áform um friðlýsingu. Ferlið er þekkt og vel útskýrt á vef Náttúruverndarstofnunar <https://www.nattura.is/vernd/ferill-fridlysinga>. Þó svo að þetta sé nokkuð augljóst ferli getur það tekið nokkurn tíma talin í mánuðum. Í þessu ferli þurfa sjónarmið sveitarfélagsins að koma skýrt fram.



Skýrsla um friðlýsingarkosti á Langanesi var unnin 2020 og má finna hér:

https://www.langanesbyggd.is/static/files/Umhverfismal/langanes_fridlysingakostir.pdf . Þar eru takmarkanir og eðli friðlýsinga gerð góð skil og sett í samhengi við aðstæður á Langanesi. Vakin er sérstök athygli á tveimur mikilvægum þáttum sem þar fram koma. Að friðlýsing hefur ekki áhrif á nýtingu svæðisins til sjálfbærrar beitar né heldur setur eggjatöku aðrar skorður en utanumhald, eftirlit og það sé gert með sjálfbærum hætti. Það má því leggja út frá því að hægt sé að nýta þau hlunnindi sem hafa verið nýtt, og takmarkanir aðeins við sjálfbærni og eðlilega framgöngu við nytjar. En einnig er hægt að hafa sérstakar takmarkanir eins og fram kemur í auglýsingu um friðlýsingu þjóðgarðsins við Snæfellsjökul frá 23. ágúst 2021 er sérstaklega sagt til um búfjárhald og friðun á dýrum. Þar eru sem dæmi lausaganga hrossa óheimil og rjúpnaveiði takmörkuð við svæði innan þjóðgarðsins. Hér má sjá auglýsinguna:

<https://ust.is/library/sida/Nattura/Regluger%C3%B0%20um%20%C3%9Ej%C3%B3%C3%B0gar%C3%B0inn%20Sn%C3%A6fellsj%C3%B6kul%202021.pdf> .

Þekktir eru eigendur á utanveðu Langanesi en ekki liggur fyrir afstaða þeirra formlega fyrir þar sem það er eitt af verkefnum áðurnefnds starfshóps sem skipur verður, fái málið framgöngu. Nokkrir landeigendur hafa haft samband við fyrrum sveitastjóra til að lýsa ánægju yfir áformum þessum. Það er þó mun líklegra að hagsmunaaðilar á svæðinu séu fremur fylgjandi en ekki, sé tekið mið af því hvernig samfélagsumræðan hefur þróast, og þá fremur jákvætt gagnvart friðlýsingu. Fólk á auðvelt með að sjá fyrir sér kostina en samt þarf að huga vel að þeim ógnum sem hugsnalegar eru er varða landnýtingu gangsvart friðlýsingu.

Það er alveg ljóst að það aðdráttarafl sem Langanesið hefur er að mestu óþekkt meðal ferðaskipuleggjenda. Stofnun þjóðgarðs væri gríðarlegur ávinningur fyrir þá aðila sem nú þegar reka ferðaþjónustu og tengda starfsemi á svæðinu og eins fyrir ný tækifæri að skapast eins og víða er nefnt í skýrslu Hagfræðistofnunar frá 2019; <https://ioes.hi.is/files/2021-04/Natturuvernd-og-byggda%C3%B0r%C3%B0un.pdf> . Öll landkynning yrði auðveldari þar sem starfsemi þjóðgarða er ekki aðeins friðun náttúru, heldur einnig að veita aðgengi að hinu friðaða landi og minnjum sem þar kann að vera eins og fram kemur í skýrslu um stöðu og áskoranir þjóðgarða og annara friðlýstra svæða. Sjá hér: https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrsur-og-skrar/URN/Fridlystsvaedi_skyrsla_starfshops_2022.pdf .

Umhverfisfulltrúi hefur unnið að verkefninu með þeim hætti að koma því til framkvæmda og álítur að öllum sjónarmiðum töldum og með sérstaka áherslu á samfélagsþátt friðunnar og tækifæri til atvinnuþróunnar er þjóðgarður sú friðlýsing sem stefna ætti að. Séu sjónarmið nýrrar sveitastjórnar önnur eða ekki uppi áform um að halda áfram á þeirri vegferð sem þó hefur verið farið af stað með þarf sveitarstjórn að koma þeim skilaboðum til umhverfisfulltrúa.